

Sjálfsmatsskýrsla 2024 - 2025 Stapaskóli



Sjálfsmatsskýrsla 2024 - 2025

Stapaskóli

Reykjanesbær, 18. júní 2025

Inngangur

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Stapaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og til að Stapaskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá gunnskóla 2011, bls. 28-29.

Efnisyfirlit

1. Skólastefna Stapaskóla	6
2. Viðfangsefni mats 2024 – 2025	7
3. Helstu niðurstöður sjálfsmats	11
3.1. Skólanámskrá	11
3.2 Lestrarskimanir	12
3.2.1 Lesfimi	12
3.3 Stærðfræðiskimanir	14
3.4 Hljóm - 2	14
3.5 Skólapúlsinn	15
3.5.1 Nemendakönnun	16
3.5.2 Foreldrakönnun	21
3.5.2.1 Leikskólastig	21
3.5.2.2 Grunnskólastig	25
3.5.4 Starfsmannakönnun	30
3.5.4.1 Leikskólastig	30
3.5.4.2 Grunnskólastig	34
3.6 Skólaping	39
4. Samtöl	39
4.1 Foreldrasamtöl	40
4.2 Starfsmannasamtöl	40
5. Starfsmannakönnun Reykjanesbæjar, Moodup	41
6. Málþing – Uppskeruhátíð!	42
7. Framkvæmdamat	43
9. Umbótaáætlun	53

10. Lokaorð.....	54
------------------	----

1. Skólastefna Stapaskóla

Einkunnarorð Stapaskóla

GLEÐI - VINÁTTA - SAMVINNA - VIRÐING

- ✓ Í Stapaskóla er mikil áhersla á gleðina, hjá nemendum og starfsfólki. Það er gaman í skólanum og það er gaman í vinnunni. Í jákvæðu umhverfi er auðveldara að læra, leika og starfa. Með gleði að leiðarljósi eykst kímni, hlátur og vellíðan.
- ✓ Við leggjum áherslu á að sýna hvert öðru vináttu, nemendum, foreldrum og starfsfólki. Við sýnum vináttu með góðum, jákvæðum samskiptum og sýnum hvort öðru samkennd. Með því að sýna hvort öðru áhuga og erum vinnuleg styrkst vináttan.
- ✓ Stapaskóli er teymiskennsluskóli. Þar vinnur allt starfsfólk saman í teymlum að sameiginlegum markmiðum. Nemendur vinna einnig saman í hópum, þvert á hópum og jafnvel þvert á skólastig. Lögð er áhersla á hjálpsami þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín í fjölbreyttum hópum nemenda og starfsfólks.
- ✓ Virðing er að viðurkenna og taka tillit til allra í hópnum, nemenda og starfsmanna. Við sýnum virðingu með því að skilja og virða fjölbreytileika nemenda- og starfsmannahópsins. Við komum fram við aðra á sama hátt og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Í Stapaskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra í skólasamfélaginu. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat, sköpun og tækni með heildstæðum verkefnum og samþættingu námsgreina með það að leiðarljósi að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins.

Stapaskóli er teymisskóli þar sem kennarar og starfsmenn koma saman að skipulagningu- og undirbúningi kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Mikil áhersla er lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árgöngum.

2. Viðfangsefni mats 2024 – 2025

Umbóta- þáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðar- aðili	Mat – hvenær og hvernig
Líðan og heilsa nemenda	✓ Að auka sjálfsálit, vellíðan og hreyfingu.	✓ Námskeið fyrir starfsfólk í uppbygging arstefnunnni. ✓ Efla útikennslu í öllum árgöngum. ✓ Heilsueflandi skóli. ✓ Unnið markvisst með Hugarfrelsi á öllum skólastigum. ✓ Heillaspor, rýnihópar nemenda.	✓ Að nemendu m líði vel í skólanum. ✓ Að nemendur fari í útikennslu að jafnaði tvær kennslustu ndir á viku. ✓ Nemendur eflist í færni við að beita aðferðum Hugarfrels is.	✓ Stjórn dur, kennarar og námsráð gjafi. ✓ Innleiðin garteymi Heillaspo ra.	✓ Nemenda könnun skólapúl si ns lögð fyrir á hverju ári. ✓ Eftirfylgni í kennslu á Hugarfrels i og útikennslu ✓ Teymisfun dir og rýni jafnt og þétt yfir skólaárið í Heillaspori
Virgni nemenda í skólanu m	✓ Auka trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi. ✓ Auka trú nemenda á eigin námsgetu. ✓ Efla þrautseigju nemenda.	✓ Markviss sjálfsstyrking og verkfæri kennd með aðferðum Hugarfrelsis. ✓ Markviss námstækni og vinnubrögð kennd. ✓ Markvisst unnið með aðferðum Uppeldis til ábyrgðar, með t.d. einstaklingss amtölum. ✓ Nemendapin g. ✓ Markvisst unnið að vellíðan nemenda í	✓ Að trú nemenda á eigin getu aukist og verði á pari við meðaltal á landsvísu.	✓ Stjórn dur, kennarar og námsráð gjafi	✓ Nemenda könnun skólapúl si ns lögð fyrir á hverju ári. ✓ Skipulag námstækn i og vinnubrag ða kennd.

		anda Heillaspora með ávöxtum í tvenndum og hafragraut í frímínútum eldri.			
Náms- árangur nemenda	✓ Að 70% nemenda náí 70% árangri í les- og stærðfræði skimunum.	✓ Efla teymiskennslu með samþættingu námsgreina. ✓ Efla samtarfstoðþjónustu og umsjónarkenndara. ✓ Efla samstarf kennara í íslensku sem annað mál og umsjónakenndara. ✓ Læsi fyrir lífið mið- og unglingastig.	✓ Útkoma les- og stærðfræðiskimana. ✓ Milli mála skimun. ✓ Hljóm – 2 skimun. ✓ Efi – 2 skimun.	✓ Stjórnendur og kennarar	✓ Könnunarpróf og skimanir lagðar fyrir á hverju ári. ✓ Skipulagðir samráðsfundir jafnt og þétt yfir skólaárið.
Líðan og heilsa starfsfólks	✓ Að stuðla að góðri líðan starfsfólks og viðhalda góðri starfsánægju í hópnum.	✓ Fræðsla og fyrirlestrar ásamt hópefli og starfsmannaförðum. ✓ Fræðsla frá öryggisnefnd ✓ Hvetja til þátttöku / samveru á kaffistofu.	✓ Starfsman nasamtöl. ✓ Starfsman nakönnun Reykjanes bæjar, Moodup.	✓ Stjórnendur og starfsmannafélag skólans. ✓ Öryggisnefnd.	✓ Að niðurstöður um líðan í könnun fari vaxandi. ✓ Að veikindadögum starfsfólks fari fækkandi.

		✓ Tvenndar-teymis fundir með starfsfólki skóla. ✓ Skýrari umgengnis-reglur og samskipta-sáttmálar í vinnuher-bergjum kennara á 1. og 2. hæð. ✓ Vítamín í boði á kaffistofum starfsfólks. ✓ Veitingar í boði skólans á miðvikudög-um. ✓ Fössarinn, síðasti föstudagur hvers mánaðar þar sem uppbrot er fyrir starfsfólk.			
Kennsluaðferðir og námsmat	✓ Að nemendur fái fjölbreytta kennslu og námsmat við hæfi. ✓ Að nemendur fái tækifæri til að blómstra í leik og starfi.	✓ Unnar eru kennsluáætlanir. ✓ Kennarar vinna eftir námsmarkmiðum sem skráð eru á Mentor og meta námsframvindu nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið.	✓ Að kennsluáætlanir séu raunhæfar og í takt við markmið Aðalnámskrá grunnskóla.	✓ Stjórnendur og kennarar	✓ Skólapúlshinn. ✓ Starfsman-nasamtöl. ✓ Samráðsfundir varðandi leiðsagnar-nám. ✓ Námsmatsfundir. ✓ Samráðsfundir varðandi læsi.

		✓ Leiðsagnar-nám haft að leiðarljósi. ✓ Samþætting námsgreina á öllum stigum. ✓ Einstaklings-áætlanir unnar fyrir nemendur sem víkja frá þeim námsmarkmiðum sem sett eru fram fyrir árganginn. ✓ Áhugasviðs-verkefni.			
Stjórnun og skipulag skólans	✓ Auka upplýsinga-flæði til starfsmanna. ✓ Auka upplýsinga-flæði til forráðamanna. ✓ Efla notkun kennara á hæfniviðmiðum skv. Aðalnámskr á grunnskóla.	✓ Mentor fundir og fræðsla reglulega yfir skólaárið. ✓ Skólaþing. ✓ Kvöldfundur fyrir foreldra og samtalsdagar. ✓ Upplýsingas kjár í starfsmannat vennd.	✓ Þátttaka starfsmanna í starfsmanna-samtölum og starfsmanna-könnun Reykjanes bæjar.	✓ Stjórn-endur og kennarar	✓ Skólapúls-inn lagður fyrir starfsmenn og forráðamenn annað hvert ár. ✓ Starfsman nasamtöl. ✓ Starfsman nakönnun Reykjanes bæjar, Moodup.

3. Helstu niðurstöður sjálfsmats

3.1. Skólanámskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti.

Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næstu skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

Bekkjarnámskrár fylgja starfsáætlun sem eru unnar af kennurum og stjórnendum að hausti og endurskoðaðar að vori.

Skólanámskrá, starfsáætlun og bekkjarnámskrár eru birtar á heimasíðu skólans.

3.2 Lestrarskimanir

3.2.1 Lesfimi

Lesferill – lesfimi var lagt fyrir í 1. – 10. bekk.

- ✓ 1. bekkur: lesskimunarpróf í september.
- ✓ 1. – 10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- ✓ 1. – 10. bekkur: sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.


Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- ✓ Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla.
- ✓ Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla.
- ✓ Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla.


Kennarar lögðu prófin fyrir og skráðu niðurstöðurnar inn í Skólagáttina og fengu stöðuna á hverjum nemanda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiprófa voru færðar í Mentor og kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendum var skipt upp í hópa og unnið markvisst út frá veikleikum og styrkleikum þeirra. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða starfsmann daglega.



Eins og sjá má á þessum tveimur myndum sem sýna fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Stapaskóla framfarir.




Góður árangur hefur náðst í vetur en enn eru þó nokkrir nemendur sem eru ekki að ná lágmarksviðmiðum og verður það áframhaldandi verkefni næsta skólaárs að bæta enn frekar úr því.

3.3 Stærðfræðiskimanir

Skimunarprófið Talnalína var lögð fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk í janúar. Í kjölfar skimunar var brugðist við námsþörfum nemenda. Kennarar nýttu m.a. ítarefni Talnalínu í vinnu með nemendum eftir að prófun lauk. Verkefnið er enn nýtt hjá Reykjanesbæ og enn í mótun.

3.4 Hljóm - 2

Hljóm -2 er aldursbundin skimun sem lögð er fyrir elsta árgang leikskólastigs. Skimunin metur hljóðkerfis- og málvitund barna í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleikum. Hljóm - 2 er lagt fyrir í október ár hvert en börnin þurfa að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára.



Niðurstöður sýna samanburð á milli ára eftir seinni skimun.

Þeir nemendur sem koma út með slaka færni eða mjög slaka færni fara í markvissa vinnu eftir aðgerðaráætlun. Sú vinna skilar sýnilegum árangri þegar endurlögn Hljóm – 2 fer fram aftur að vori.

3.5 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar á starfsmannafundum, fyrir skólaráði, fyrir nemendum og eru nýttar til umbóta á innra starfi skólans.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniúkvarða telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Viðmið Stapaskóla er að vera við landsmeðaltal eða sýna betri árangur í öllum þáttum kannananna þriggja.

Ítarlegar niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins er að finna á [heimasíðu skólans](#).

Skólaárið 2024 – 2025 voru allar þrjár kannanirnar lagðar fyrir.

3.5.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í fjögur úrtök á skólaárinu (október, desember, febrúar og apríl) til að svara spurningum í Skólapúlsinum. Voru það 178 nemendur af 196 sem svöruðu nemendakönnuninni, sem gerir 90,8% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Virgni nemenda í skólanum – þættir sem falla þar undir eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, áhugi á náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsu – þættir sem falla þar undir eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress – ástæður, einelti, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar og hollt mataræði

Skóli og bekkjarandi – þættir sem falla þar undir eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats

Opnar spurningar – þar er spurt um hvað nemendum þykir gott við skólann og hvað þeim þykir slæmt við skólann.

Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,8	161	0,0	4,3	18.220	-0,5*
1.2. Þrautseigja í námi	3,6	168	-0,1	4,5	18.328	-0,9*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,7	168	-0,5	4,6	18.584	-0,9*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,4	168	0,5	4,3	18.525	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,6	163	-0,2	4,4	18.282	-0,8*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,4	164	-0,3	4,8	18.528	-0,4*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	93,0%	146/157	7,5%	79,0%	13945/18042	14,0%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	146	-0,1 klst.	0,5 klst.	13.900	0,2 klst.*

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,6	164	-0,3	4,4	18.209	-0,8*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,6	162	-0,1	4,3	18.143	-0,7*
2.3. Vellíðan	3,9	163	-0,2	4,4	18.389	-0,5*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	43	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	162	-0,1	5,7	18.335	0,6*
2.6. Tiðni eineltis	23,1%	37/160	-3,4%	15,8%	2955/18254	7,3%*
2.7. Staðir eineltis	-	35	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	91,3%	147/161	12,4%	89,3%	16369/18244	2,0%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	38,9%	58/149	-0,1%	40,8%	7078/17266	-1,9%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	12	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	81	-	-	-	-

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,1	162	0,0	4,8	18.024	-0,7*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,1	160	-0,1	4,8	18.232	-0,7*
3.3. Agi í tímum	3,2	159	0,1	4,8	18.215	-1,6*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,3	155	0,1	4,8	18.097	-0,6*
3.5. Tiðni leiðsagnarmats	4,5	156	0,0	4,8	18.126	-0,3*

Opin svör

Samantekt á opnum svörum þar sem nemendur eru beðnir um að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann.

Vínátta og félagslíf

- Nemendur leggja mikla áherslu á að vera með vinum og vinkonum sínum, bæði í tímum og frímínútum.

Kennarar og stuðningur

- Kennararnir eru sagðir skemmtilegir, skilningsríkir og hjálpsamir – nemendur kunna sérstaklega vel að meta þegar þeir fá aðstoð eða skilning þegar þeim líður illa eða eru þreyttir.

Frelsi og sveigjanleiki

- Margir nefna að þeim finnist gott að hafa frelsi til að vinna á eigin hraða, velja hvar þeir sitja og jafnvel vinna utan hefðbundinna borða og stóla.

Íþróttir og íþróttahús

- Íþróttahúsið og íþróttatímarnir eru mjög vinsælir, einnig fótboltavöllurinn og valgreinar eins og smíði.

Smiðjur og skapandi verkefni

- Nemendur nefna smiðjur og sköpunarverkefni sem skemmtileg og uppbyggileg hluta af skólastarfinu.

Skólamatur og nesti

- Sérstaklega er minnst á grjónagraut, hamborgara og kjúkling sem vinsælan skólamat – maturinn virðist skipta miklu máli fyrir vellíðan.

Aðstaða og húsnæði

- Nefnt er að skólinn sé nýr eða vel við haldið, með góðri lóð, stórum kennslurýmum, góðu bókasafni og klifurvegg.

Skemmtileg verkefni og fjölbreytileiki

- Fjölbreytt nám og verkefni sem leyfa einstaklingum að vinna á eigin forsendum – einnig eru nefnd frjálsir tímar og skemmtilegar upptækur eins og opið hús eftir skóla.

Andrúmsloft og ró

- Nokkrir nemendur nefna að skólinn sé rólegur, notalegur og með góðan andlega stuðning – bæði frá nemendum og starfsfólki.

Skóli sem athvarf

- Sumir nemendur upplífa skólann sem öruggt skjól eða hvíld frá erfiðum aðstæðum heima, og meta tækifærið til að fá hlustun og rými í skólanum.

Samantekt á opnum svörum þar sem nemendur eru beðnir um að lýsa sem þeim þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum.

Hávaði og órói

- Margir nemendur lýsa miklum hávaða í rýmum, sérstaklega þegar tveir bekkir eru saman í stofu. Þetta truflar einbeitingu og eykur streitu.

Samskipti við kennara og skortur á hlustun

- Nokkrir nemendur upplifa að kennarar hlusti ekki á þá, taki ekki á einelti eða ósætti og veiti ekki nægilega skýra eða persónulega aðstoð í námi.

Óánægja með sætaskipan og skort á vali

- Fjöldi nemenda vill fá að ráða hvar og með hverjum þeir sitja, og margir lýsa óánægju með "heimasæti" og því að fá ekki að sitja með vinum sínum.

Mikið verkefnaálag og óskipulag

- Nemendur nefna að það sé sett of mörg verkefni á þá í einu, án nægilegrar leiðsagnar, sem veldur kvíða, vanmáttarkennd og að þeir detti út úr náminu.

Ófullnægjandi námsaðstoð og kennsla

- Margir vilja fá fleiri eða betri útskýringar í námsgreinum eins og stærðfræði og náttúrufræði. Sumir nefna að það vanti kennara eða að það sé aðeins einn sem geti hjálpað.

Skólamatur og nestistímar

- Skólamaturinn er oft gagnrýndur og sagður vondur eða ómögulegur. Einnig eru kvartanir um stutta nestistíma og óþægilegt skipulag í kringum matartíma.

Sund og aðstaða

- Margir nemendur eru óánægðir með sundtíma, bæði vegna skorts á aðstöðu og að þeir séu snemma á morgnana. Það veldur þreytu og vanlíðan.

Einelti, útilokun og félagslegt misrétti

- Nokkrir nefna að aðrir nemendur séu dómharðir, geri grín að „öðruvísi“ krökkum eða bregðist illa við – án þess að starfsfólk bregðist við.

Tæknimál og netaðgangur

- Kvartanir komu fram um slakt netsamband sem hindrar námsvinnu, auk takmarkana á aðgengi að tækjum og símanotkun, t.d. símabann á bókasafni.

Skipulag og byrjunartími dagsins

- Margir telja að skólinn byrji of snemma og að nemendur fái ekki nægan svefn. Óskir koma fram um að aðlaga dagskrá og veita betra sveigjanleika og hvíld.

Stutt samantekt á helstu niðurstöðum könnunar

Styrkleikar:

Jákvæð viðhorf til náms og skólans: 88% nemenda segjast vilja ná góðum árangri í námi og 83% telja mikilvægt að læra það sem kennt er.

Félagsleg vellíðan og skólaandi: 91% nemenda eiga einhvern góðan vin í skólanum og 86% líður vel í skólanum almennt.

Kennsla og stuðningur: Hátt hlutfall nemenda telur að kennarar geri kröfur til þeirra (91%) og séu tilbúnir að aðstoða ef vandi kemur upp (81%).

Stjórnunarstuðningur: 84% telja stjórnendur vilja nemendum vel og 89% finnst starfsfólk koma fram af virðingu.

Umbótatækifæri:

Truflun og einbeiting: Aðeins 54% segjast geta einbeitt sér vel í tímum, og 41% segja truflun í kennslustundum algenga – umhugsunarefni í kennsluumhverfi.

Viðhorf til skólastarfs: 44% segjast oft eða alltaf hlakka til að mæta í skólann – svigrúm til að efla áhugahvöt og jákvæða upplifun.

Einelti: 12% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti síðustu vikur – hærra hlutfall en landsmeðaltal (8%).

Stjórnun og skýr markmið: Hlutfall nemenda sem telur reglur skýrar eða vel fylgt eftir með þeim er um 62%, sem er undir meðaltali – tækifæri til að efla agastjórnun og skýra ramma.

Sérstakt að nefna:

72% nemenda telja skólastarfið skipulagt og 79% telja starfsmenn sýna þeim réttláta framkomu – þó það sé dregið úr viðhorfum til áhrifa á skólastarfið (aðeins 47% telja sig hafa áhrif).

3.5.2 Foreldrakönnun

3.5.2.1 Leikskólastig

Könnunin er framkvæmd í febrúar annað ár hvert og er send til foreldra allra barna á leikskólanum. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal. Lágmarksvarhlutfall í hverjum leikskóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í leikskólanum. Ef svarhlutfall er undir 60% eru niðurstöður ekki birtar. Það voru 81 foreldrar sem fengu senda könnunina og 69 svöruðu henni, sem gerir 85,2% svarhlutfall.

Könnunin mælir 31 þætti í sex flokkum eða daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta auk þess gefst foreldrum tækifæri að skilja eftir opin svör.

Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	94,0%	63/67	6,5%	92,6%	3057/3294	1,4%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	90,5%	57/63	6,5%	94,0%	3189/3383	-3,5%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	95,6%	43/45	7,0%	95,7%	1997/2084	-0,1%
1.4. Sérþarfir í mataræði	11,9%	8/67	1,4%	13,0%	452/3476	-1,1%
1.5. Holt mataræði	90,6%	58/64	-4,1%	89,6%	2952/3289	1,0%
1.6. Ánægja með húsnaði og aðstöðu	56,7%	38/67	1,5%	90,5%	3135/3464	-33,8%*

Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	86,1%	31/36	13,4%	88,7%	1933/2169	-2,6%
2.2. Aðstaða	89,1%	41/46	9,1%	91,6%	2527/2753	-2,5%
2.3. Félagsleg samskipti	94,2%	49/52	1,5%	95,4%	2550/2670	-1,2%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	95,7%	44/46	-4,3%	96,8%	2149/2221	-1,1%

Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	82,1%	46/56	-3,9%	78,0%	2219/2836	4,1%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	75,4%	49/65	0,9%	79,9%	2579/3215	-4,5%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	92,3%	60/65	-2,3%	93,4%	3054/3263	-1,1%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	78,0%	46/59	-3,2%	78,7%	2329/2952	-0,7%
3.5. Tímasetning viðburða	82,3%	51/62	-2,3%	88,9%	2768/3112	-6,6%*
3.6. Heimasiða leikskólans	77,8%	42/54	12,7%	84,5%	2209/2595	-6,7%
3.7. Leikskólasmaðforrit	80,0%	52/65	-	87,0%	2849/3272	-7,0%*

Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	91,3%	21/23	-	87,6%	900/1018	3,7%
4.2. Flutningur milli skólastiga	100,0%	15	-	95,0%	578/605	5,0%
4.3. Flutningur milli deilda	94,7%	36/38	-	90,9%	1476/1608	3,8%

Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	12,7%	7/55	-9,3%	14,8%	443/3012	-2,1%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	7,7%	5/65	-1,4%	9,8%	320/3257	-2,1%

Opin svör

Samantekt á opnum svörum þar sem foreldrar eru beðnir um að lýsa því sem þeim finnst gott við leikskólann.

Starfsfólkið er einstakt og hlýlegt

- Foreldrar lýsa mikilli ánægju með starfsfólk leikskólans, það sé jákvætt, hlýtt, umhyggjusamt og faglegt. Margir nefna sérstaklega deildarstjóra og kennara sem taka vel á móti börnum og foreldrum, jafnvel þegar börnin eiga erfitt.

Góð samskipti og upplýsingaflæði

- Foreldrar kunna vel að meta skýrt og reglulegt upplýsingaflæði, bæði hvað varðar daglegt starf og viðburði framundan. Þeir telja sig vel upplýsta um líðan og nám barnsins.

Barninu líður vel og er ánægt

- Margir foreldrar segja barnið sitt vera hamingjusamt, spennt að mæta og finna til öryggis í leikskólanum. Þetta skapar traust og ánægju meðal foreldra.

Góð tenging við leik og nám

- Foreldrar hrósa jafnvægi milli leiks og náms. Smíðjur, skapandi verkefni og fjölbreytt dagskrá eru nefnd sem styrkleikar sem örva börnin.

Samfella milli skólastiga og faglegt starf

- Foreldrar kunna að meta tengsl við grunnskóla og faglegt skipulag sem styður samfellu í námi barna. Leikskólinn er talinn vinna vel að þróun starfs og umbótum.

Samantekt á opnum svörum þar sem foreldrar eru beðnir um að lýsa því sem að betur megi fara á leikskólanum.

Húsnæði og aðstaða óviðunandi

- Foreldrar lýsa yfir áhyggjum af því að leikskólinn sé enn í bráðabirgðahúsnæði, sem sé kalt, fjarlægt leiksvæði og óhentugt fyrir börn og starfsfólk. Margir leggja áherslu á að búa þurfi til varanlegar og bættar aðstæður sem tryggja bæði velferð barna og starfsánægju starfsfólks.

Skortur á menntuðu starfsfólki og mönnun

- Nokkrir foreldrar benda á skort á fagmenntuðum kennurum á deildum og ófullnægjandi mönnun, sem veldur lokunum og röskun á daglegu starfi. Þetta hefur áhrif á öryggi, samfellu og gæði starfsins.

Ófullnægjandi upplýsingaflæði

- Foreldrar vilja fá skýrari og reglulegri upplýsingar, sérstaklega varðandi breytingar á dagskrá, starfsdögum, meiðsli barna og daglega starfsemi. Upplýsingaskortur getur grafið undan trausti og samvinnu heimilis og skóla.

Takmarkað aðgengi að efni og leikföngum

- Áhyggjur koma fram af því að efni og leikföng séu ekki nægjanleg, deildir þurfi að skiptast á efni sem ætti að vera til staðar fyrir öll börn. Foreldrar telja það draga úr gæðum leikumhverfis og möguleikum barna til fjölbreyttrar þátttöku.

Skipulag og stjórnun

- Nokkrir foreldrar lýsa óánægju með breytingar í stjórnendateymi sem ekki hafi verið kynntar nægilega vel. Þeir óska eftir aukinni gagnsæi og faglegri miðlun upplýsinga um breytingar sem hafa áhrif á rekstur og daglegt starf.

Stutt samantekt á helstu niðurstöðum könnunar

Styrkleikar:

Ánægja með leikskólann: Heildaránægja foreldra með leikskólann er há – 96% myndu mæla með leikskólanum.

Líðan og vellíðan barna: 93% foreldra telja barninu líða vel í leikskólanum og 98% telja barnið finna til öryggis.

Samskipti og upplýsingagjöf: Sterk samskipti við starfsfólk, 93% telja starfsfólk sinna börnum af hlýju, og 96% telja þau hvetja börn til þátttöku í leik og starfi.

Foreldraviðtöl og samstarf: 93% hafa sótt foreldraviðtöl og finna sig vel upplýst um líðan og þroska barnsins.

Mötuneyti: 95% foreldra eru ánægðir með að börn þeirra fái fjölbreytt og hollt fæði.

Umbótatækifæri:

Tilkynningar um breytingar og nýjungar: Hlutfall foreldra sem telja sig upplýsta um breytingar í starfi er 75%, sem er aðeins undir landsmeðaltali (82%).

Aðgengi að upplýsingum: 79% foreldra telja sig fá nægar upplýsingar um daglegt líf barnsins í leikskólanum, svigrúm til að styrkja reglubundna upplýsingamiðlun.

Viðvera og mönnun: 82% foreldra telja að starfsfólk hafi tíma til að sinna börnunum vel, enn svigrúm til umbóta þrátt fyrir jákvæðan tón.

Sérstakt að nefna:

Foreldrar lýsa sérstaklega mikilli ánægju með stuðning við félagsþroska barna og hlýlegt viðmót starfsfólks.

Almenn trú á að leikskólinn vinni faglega að velferð og þroska barnanna – 93% foreldra eru mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu.

3.5.2.2 Grunnskólastig

Dregið var 121 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfi Skólapúlsins. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli (lágmark 60%) hefur verið náð. Voru það 192 foreldrar af 121 foreldrum sem svöruðu könnuninni, sem gerir 76% svarhlutfall.

Könnunin mælir 41 þætti í sex flokkum eða viðhorf foreldra til náms og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðningi. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að skilja eftir opin svör. Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans.

Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	3,9	87	-0,9	5,1	5.521	-1,2*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	80,0%	60/75	0,0%	91,0%	4527/5023	-11,0%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	77,6%	66/85	4,7%	80,7%	4304/5315	-3,1%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	53,8%	43/80	-14,3%	67,0%	3357/5060	-13,2%*

Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,3	71	-0,2	4,8	5.004	-0,5
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	75,0%	63/84	-5,9%	88,5%	4614/5212	-13,5%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	85,7%	72/84	-5,3%	92,0%	5102/5548	-6,3%*
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	74,7%	65/87	-12,3%	91,2%	5031/5528	-16,5%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,9%	73/84	2,1%	90,1%	4952/5489	-3,2%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	5,9%	5/85	-7,5%	9,1%	489/5382	-3,2%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	93,3%	14/15	-	85,3%	820/950	8,0%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	42,9%	6/14	-23,8%	57,9%	501/841	-15,0%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	9/15	-2,5%	56,4%	472/830	3,6%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	63,6%	28/44	-13,5%	77,2%	2212/2884	-13,6%*
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,3	15	0,4	1,5	946	-0,2
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	15	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	32,6%	28/86	-	44,5%	2481/5344	-11,9%*

Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,3	84	0,4	5,6	5.307	0,7*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,9	38	-0,8	5,2	3.354	-0,3
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	51,2%	42/82	7,6%	66,6%	3550/5270	-15,4%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	39	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	-	-	-	-	-	-
3.6. Notkun á mat í skólanum	91,9%	79/86	-2,0%	96,3%	5227/5403	-4,4%*
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	0%	0/7	-16,7%	1,2%	3/175	-1,2%

Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,5	83	-0,4	4,7	5.122	-0,2
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	59,4%	41/69	1,7%	55,4%	2413/4251	4,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,3%	38/61	-0,4%	66,2%	2369/3532	-3,9%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	88,9%	72/81	-2,1%	93,3%	4798/5138	-4,4%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	83	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	65,3%	49/75	4,1%	53,6%	2408/4507	11,7%*
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	89,0%	65/73	0,8%	87,5%	3480/4006	1,5%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	80,7%	67/83	-8,2%	77,4%	3860/4943	3,3%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	67,8%	59/87	-2,5%	70,4%	3815/5389	-2,6%

Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	84	-0,1	4,9	5.289	0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,4	84	-0,4	4,5	5.271	-0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	71,8%	56/78	1,5%	73,3%	3743/5076	-1,5%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	48,1%	38/79	-13,7%	55,1%	2756/5042	-7,0%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	66,7%	46/69	-6,1%	76,9%	3129/4178	-10,2%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	18,8%	13/69	5,2%	13,6%	607/4178	5,2%

Opin svör

Samantekt á opnum svörum þar sem foreldrar eru beðnir um að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann.

Jákvætt viðmót og umhyggja starfsfólks

- Foreldrar lýsa starfsfólki sem hlýlegu, jákvæðu og faglegu. Mikil ánægja er með hvernig starfsfólk leggur sig fram við að láta börnin líða vel og að þau finni að þau skipti máli. Samskiptin eru sögð góð og andrúmsloftið hlýlegt.

Góð aðstaða og sveigjanlegt námsumhverfi

- Skólinn þykir búa yfir vel nýttum rýmum og aðstöðu sem styður sveigjanlegt skólastarf. Hrósað er fyrir fjölbreytta og aðgengilega aðstöðu, þar á meðal smiðjur og bókasafn. Sveigjanleiki innan kennslustofa er einnig nefndur sem styrkur.

Góður skólabragur og uppbyggilegt samfélag

- Foreldrar upplifa að áhersla sé lögð á jákvæð samskipti, vellíðan og lausnamiðað viðhorf. Það ríkir góður andi innan skólans sem styður við jákvæða reynslu barna og foreldra.

Nútímalegt og metnaðarfullt skólastarf

- Skólastarfið er lýst sem vel skipulögðu og nútímalegu. Nýjungar í kennslu, sveigjanleiki og tækninotkun eru nefnd sem dæmi um metnað skólans til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda á skilvirkkan hátt.

Traust og sterk tenging við skólasamfélagið

- Margir foreldrar lýsa ánægju með þann stuðning sem þeir fá í gegnum dagleg samskipti, og finna að þeir eru hluti af virku og samstilltu skólasamfélagi þar sem unnið er markvisst að því að styðja við börnin og þeirra vellíðan.

Samantekt á opnum svörum þar sem foreldrar eru beðnir um að lýsa því sem að betur megi fara í skólanum.

Skortur á aga og yfirbragði í bekkjarstarfi

- Fjöldi foreldra lýsir áhyggjum af agaleysi og ónógu utanumhaldi í kennslu. Bent er á að opið rými henti ekki öllum, sérstaklega börnum með sértækar þarfir. Vöntun á beinum aga- og verklagsreglum er nefnd sem hindrun fyrir vinnufrið og einbeitingu nemenda.

Skortur á einstaklingsmiðun og faglegri aðstoð

- Einhverjir foreldrar lýsa því að börn fái ekki næga kennaraaðstoð, sérstaklega þau sem þurfa sérstakan stuðning. Þeir lýsa vonbrigðum með að ekki sé tekið nægilega tillit til nemenda með greiningar og að samræmis skorti í viðbrögðum við hegðun. Einnig er lýst vöntun á sérmenntuðum kennurum í sumum fögum.

Óljóst námsmat og takmarkað yfirlit fyrir foreldra

- Margir foreldrar upplifa erfitt að fylgjast með námsstöðu barna sinna. Þeir lýsa óskýrleika í námsmati, of mikilli áherslu á hæfniviðmið í Mentor, og

vöntun á persónulegri endurgjöf, einkunnum eða samantektum. Skortur á umbunakerfum og sýnilegum markmiðum dregur úr hvatningu nemenda.

Óskýrt og ómarkvisst upplýsingaflæði

- Foreldrar gagnrýna dreift og ósamræmt upplýsingaflæði um skólastarfið með tilvísun í marga samskiptamiðla (Mentor, tölvupóst, Facebook, Google Classroom, Teams o.fl.). Þeir óska eftir einni samræmdri leið og betri yfirsýn yfir nám og daglegt starf.

Skortur á aðstöðu, tækjum og skýrum ramma

- Ýmislegt í umhverfis- og búnaðarmálum er gagnrýnt, s.s. ónóg borð og stólar, of margir nemendur í rými, og ófullnægjandi tæknibúnaður eða aðgangur að efnivið. Foreldrar óska eftir meiri töflukennslu, kennslu í upplýsingatækni og minni áherslu á óskýrar, tæknimiðaðar lausnir.

Stutt samantekt á helstu niðurstöðum könnunar

Styrkleikar:

Góð aðstaða: Foreldrar meta aðstöðu skólans til kennslu, íþróttar og list- og verkgreina hátt yfir landsmeðaltali.

Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf: Mikil ánægja með að kennarar hafi frumkvæði að samskiptum og foreldraviðtölum. 89% telja mikilvægt að vinna námsáætlanir með nemendum.

Mat og skólamáltíðir: 92% barna nýta sér skólamat, þó matargerð sjálf hafi ekki verið metin í þessari könnun.

Virkur heimastuðningur: Foreldrar sýna mikla virkni í námi barna sinna (t.d. samtöl um námið, stuðning við heimanám).

Umbótatækifæri:

Ánægja með kennslu og stjórn: Skólinn skorar marktækt lægra en landsmeðaltal þegar kemur að almennri ánægju með kennslu (3,9 vs. 5,1) og stjórnun (80% vs. 91%).

Agi og líðan í tímum: Aðeins 54% foreldra telja agastig hæfilegt og 75% telja börnum líða vel í kennslustundum (á móti 91% á landsvísu).

Móttaka og úrvinnsla eineltismála: Hlutfall tilkynninga hátt (93%) en foreldrar eru ekki eins ánægðir með úrvinnslu eineltismála og landsmeðaltal sýnir (43% vs. 58%).

Skólastjórnun og upplýsingaflæði: Hlutfall foreldra sem telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá er undir landsmeðaltali (68% vs. 70%).

Sérstakt að nefna:

Foreldrar í Stapaskóla eru minna fylgjandi banni á snjallsímum í grunnskólum (33%) samanborið við landsmeðaltal (45%).

Væntingar um áframhaldandi nám barna eru lægri en landsmeðaltal, sérstaklega þegar kemur að háskólanámi.

3.5.4 Starfsmannakönnun

Könnunin er lögð fyrir starfsfólk í mars og í Stapaskóla eru tvær mismunandi kannanir lagðar fyrir, annarsvegar fyrir starfsfólk á leikskólastigi og hins vegar fyrir starfsfólk á grunnskólastigi. Í almennum hluta könnunarinnar á leikskólastigi er metinn 21 þáttur auk þess að metnir eru 20 þættir til viðbótar hjá kennurum. Í almennum hluta könnunarinnar á grunnskólastigi eru metnir 22 þættir auk þess að metnir eru 31 þáttur til viðbótar hjá kennurum. Voru það 16 af 23 starfsfólki á leikskólastigi sem svöruðu könnuninni, sem gerir 69,6% svarhlutfall, og 63 af 67 starfsmanni á grunnskólastigi, sem gerir 94% svarhlutfall.

3.5.4.1 Leikskólastig

Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	7,4	16	1,6	4,6	1.572	2,8*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,6	16	1,2	5,4	1.570	-0,8*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	6,0	16	0,4	4,5	1.570	1,5*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,3	16	-0,2	5,2	1.570	-0,9*

Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	3,6	16	0,0	5,1	1.560	-1,5*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	3,1	16	-0,7	5,4	1.558	-2,3*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	6,5	16	2,0	4,6	1.558	1,9*
2.4. Ræktun mannauðs	4,2	15	0,8	5,7	1.509	-1,5*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	91,7%	11/12	5,0%	63,6%	847/1332	28,1%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	77,8%	7/9	-6,8%	92,2%	753/817	-14,4%

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	3,4	16	-0,8	5,3	1.544	-1,9*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	2,0	15	-0,3	5,1	1.492	-3,1*
3.3. Styttir vinnuviku	93,3%	14/15	-	94,3%	1245/1320	-1,0%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	57,1%	8/14	-	78,6%	977/1243	-21,5%*
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,9	16	-0,2	5,4	1.536	-0,5
3.6. Stuðningur við nýsköpun	4,4	16	0,1	5,4	1.532	-1,0*
3.7. Mismunur	3,9	16	-1,4	4,6	1.533	-0,7*
3.8. Einelti (þú)	12,5%	2/16	1,4%	4,0%	61/1525	8,5%
3.9. Einelti (annar en þú)	37,5%	6/16	-18,1%	9,6%	145/1514	27,9%*
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagðað í einelti)	25,0%	4/16	19,4%	3,6%	55/1514	21,4%*
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/16	0,0%	0,7%	10/1531	-0,7%

Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,8	14	4,1	5,7	1.479	0,1
4.2. Samngjörn forysta næsta yfirmanns	6,1	14	4,1	5,6	1.477	0,5*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,6	14	2,4	5,9	1.474	-0,3
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	3,8	15	0,8	5,1	704	-1,3*
4.5. Samngjörn forysta annars yfirmanns	4,1	15	-0,1	5,2	703	-1,1*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	2,9	14	-0,8	5,0	701	-2,1*

Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við umönnun barna	4,7	15	-0,7	5,0	1.689	-0,3
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	3,7	15	-0,5	4,5	1.683	-0,8
5.3. Samstarf í leikskólanum	5,3	15	-0,4	5,4	1.659	-0,1
5.4. Virkar samræður um starfið	4,6	13	-0,3	4,9	1.518	-0,3
5.5. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	4,7	11	-0,6	5,7	1.580	-1,0*
5.6. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	66,7%	6/9	8,4%	77,5%	874/1128	-10,8%
5.7. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	60,0%	9/15	22,5%	82,5%	1225/1484	-22,5%*
5.8. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	61,5%	8/13	38,4%	75,0%	1069/1426	-13,5%

Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	73,3%	11/15	-6,7%	86,7%	1228/1416	-13,4%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	27,3%	3/11	2,3%	78,9%	945/1197	-51,6%*
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	46,7%	7/15	13,4%	43,1%	698/1620	3,6%
6.4. Símenntunarbörf starfsfólks	4,0	13	-0,1	4,1	1.499	-0,1
6.5. Símenntunarbörf starfsfólks (annað)	-	3	-	-	-	-
6.6. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	60,0%	9/15	-6,7%	53,6%	869/1621	6,4%
6.7. Hindranir í símenntun starfsfólks	62,5%	5/8	5,4%	45,9%	331/721	16,6%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	1	-	-	-	-

Opin svör

Samantekt á opnum svörum þar sem starfsmenn eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir gott við vinnu staðinn sinn.

Góð samheldni og jákvæður starfsandi

- Starfsmenn lýsa sterkri samkennd, góðum liðsheild og stuðningi innan hópsins. Hjálpssemi, hómor og jákvætt viðhorf eru oft nefnd sem lykilatriði sem gera vinnudaginn léttari og ánægjulegri.

Sterkt samstarf milli deilda og starfsfólks

- Gott samstarf og gagnkvæmur skilningur milli starfsmanna á mismunandi deildum er dregið fram sem styrkleiki, sérstaklega í krefjandi aðstæðum.

Ánægja með tilgang starfa, að fylgja börnum í þroskaferli

- Margir nefna gildi þess að fylgjast með framförum og þroska barna sem uppsprettu starfsánægju og innri hvatningar.

Trú á stjórnendur og faglegt umhverfi (að hluta til)

- Sum svör endurspegla traust til stjórnenda og metnaðarfullra samstarfsmanna, þó einnig komi fram vísbendingar um að starfsandi hafi á köflum dvínað og þar með kallað á endurnýjun eða styrkingu liðsheildar.

Samantekt á opnum svörum þar sem starfsmenn eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir mega betur fara á vinnustaðnum sínum.

Óviðunandi aðstaða og vinnurými

- Starfsmenn nefna skort á viðeigandi sérkennslurýmum, undirbúningsaðstöðu og hljóðvist. Vinnuaðstaðan einkennist víða af hávaða, þrengslum og ófullnægjandi búnaði sem dregur úr gæðum starfsins og vellíðan starfsfólks.

Mikil mannekla og álag

- Álag vegna skorts á mönnun er endurtekið þema. Ráðningarbönn og veikindi auka vinnuálag á þá sem eru á staðnum, sem hefur neikvæð áhrif á samskipti, starfsanda og þjónustu við nemendur, sérstaklega þá sem þurfa meiri stuðning.

Þörf á bættri stjórnun og samskiptamenningu

- Kallað er eftir aukinni hlustun á sjónarmið starfsmanna, bættum samskiptum og jákvæðara andrúmslofti. Minnt er á mikilvægi jákvæðni og samstöðu þegar á reynir.

Skipulagsleg úrbótatækifæri

- Starfsmenn leggja til lausnir eins og umbunarkerfi (t.d. hvatningarfrí fyrir góða mætingu), fækkun barna í hópum og aukið svigrúm til að skipta börnum betur niður á rými. Jafnframt kemur fram að aðhald með mætingu mætti vera markvissari.

Stutt samantekt á helstu niðurstöðum könnunar

Styrkleikar:

Faglegt starf og samskipti: Sterk jákvæð viðhorf til samskipta, 95% telja samstarf við aðra starfsmenn gott og 93% telja hægt að leysa ágreining með uppbyggilegum hætti.

Hlutverk og ábyrgð: 95% eru ánægðir með hlutverk sitt og telja það skýrt, mikil fagleg festa og skilgreining á ábyrgð.

Stuðningur og traust: 93% telja stjórnendur sýna starfsmönnum traust og 90% telja sig fá stuðning frá samstarfsfólki þegar á þarf að halda.

Andrúmsloft og starfsánægja: 90% lýsa almennri ánægju í starfi og 95% eru sammála því að starfsandinn sé jákvæður.

Viðhorf til barna og starfsins: Yfirgnæfandi jákvæðni, 100% telja að starfið í leikskólanum hafi jákvæð áhrif á þroska og líðan barna.

Umbótatækifæri:

Fagþróun og endurmenntun: 67% telja tækifæri til símenntunar og þróunar góð – svigrúm til að styrkja markvissari stefnu í faglegri þróun.

Álag og starfsumhverfi: 27% telja sig ekki hafa tíma til að sinna öllum sínum verkefnum vel, álag og mannaforði þarf skoðunar.

Tækni og búnaður: Nokkur óánægja kemur fram með aðstöðu og aðgengi að tölum og tæknibúnaði (aðeins 62% ánægð).

Sérstakt að nefna:

Starfsmenn sýna mikinn metnað og jákvætt viðhorf til barna og starfsins almennt.

Ábyrgðarsvið og faglegt öryggi virðist vel skilgreint en áfram má vinna með úrræði gegn álagi og styðja við starfsþróun með skýrari hætti.

3.5.4.2 Grunnskólastig

Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,3	63	0,5	5,0	2.033	0,3*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,7	63	0,2	4,8	2.029	-0,1
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,5	63	0,5	5,1	2.032	0,4
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,9	63	0,0	5,0	2.031	-0,1

Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	61	0,2	5,0	2.003	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,9	61	-0,7	5,1	2.002	-0,2
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,3	61	0,3	5,2	2.000	0,1
2.4. Ræktun mannauðs	4,7	58	-0,9	5,3	1.945	-0,6*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	78,6%	44/56	-11,0%	77,3%	1419/1835	1,3%
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	88,1%	37/42	-2,4%	88,5%	1190/1345	-0,4%

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,7	59	-1,0	5,3	1.991	-0,6*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,9	59	-0,3	4,8	1.923	1,1*
3.3. Styttir vinnuviku	64,3%	27/42	-	76,1%	1160/1525	-11,8%*
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	33,3%	9/27	-	42,7%	494/1157	-9,4%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,3	60	-0,2	5,2	1.982	0,1
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,2	59	-0,3	5,2	1.975	0,0
3.7. Mismunur	4,8	59	0,2	4,7	1.978	0,1
3.8. Einnelti (þú)	0%	0/60	-3,6%	1,9%	38/1974	-1,9%
3.9. Einnelti (annar en þú)	5,0%	3/60	-7,7%	6,5%	127/1958	-1,5%
3.10. Einnelti (séð 2 eða fleiri lagðar í einnelti)	1,7%	1/60	-1,9%	2,3%	46/1958	-0,6%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/60	-1,8%	1,0%	20/1976	-1,0%

Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	4,7	59	-0,7	5,3	1.928	-0,6*
4.2. Samngjörnt forysta næsta yfirmanns	4,7	59	-0,5	5,4	1.917	-0,7*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	4,8	60	-0,7	5,2	1.911	-0,4*
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	4,2	58	-1,0	5,3	879	-1,1*
4.5. Samngjörnt forysta annars yfirmanns	3,7	58	-1,5	5,3	875	-1,6*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	4,5	58	-1,0	5,1	866	-0,6*

Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,4	38	-1,0	5,2	1.165	0,2
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,8	38	-0,2	5,1	1.146	-0,3
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	6,0	35	0,3	5,2	993	0,8*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	53,3 mín	36	15,0 mín	40,3 mín	1.009	13,0 mín*
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	66,7%	26/39	-14,5%	62,2%	732/1176	4,5%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	13,2%	5/38	-38,4%	48,4%	531/1096	-35,2%*
5.7. Hópavinna í bekk	42,9%	15/35	9,6%	36,5%	378/1037	6,4%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	23,7%	9/38	-22,7%	31,5%	350/1111	-7,8%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	64,1%	25/39	-0,4%	55,5%	625/1126	8,6%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	18,4%	7/38	11,0%	14,7%	155/1055	3,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	82,1%	32/39	-5,0%	75,8%	870/1147	6,2%

Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,7	36	0,2	5,0	1.017	0,7*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,5	36	-0,3	5,2	1.004	0,3
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,1	38	-0,8	5,4	1.136	0,7*
6.4. Samráð um kennslu	6,2	36	0,3	5,4	1.093	0,8*
6.5. Samvinna um kennslu	7,2	36	0,8	5,7	998	1,5*

Kennarar – Símenntun kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	70,3%	26/37	-5,6%	53,1%	597/1125	17,2%*
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,6	38	-0,5	5,3	1.126	0,3
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	35,1%	13/37	-4,9%	44,0%	499/1134	-8,9%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	38	-	-	-	-

Opin svör

Samantekt á opnum svörum þar sem starfsmenn eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir gott við vinnu staðinn sinn.

Sterkur starfsandi og jákvætt andrúmsloft

- Starfsmenn lýsa jákvæðri stemningu, gleði og trausti á milli samstarfsfólks. Andrúmsloftið einkennist af samstöðu, lausnamiðuðum vinnubrögðum og virku samtali sem stuðlar að vellíðan og starfsánægju.

Öflugt og hjálpsamt samstarfsfólk

- Fjölmargir draga fram mikilvægi þess að starfa með skemmtilegu, jákvæðu og samhentum fólki. Teymisvinna, faglegt samtal og samvinna milli árganga og eininga eru áberandi sem styrkleikar.

Sýnileg og styðjandi stjórnendur

- Stjórnendur eru sagðir sýnilegir, tiltækir og tilbúnir að hlusta. Starfsmenn meta að hægt sé að leita til þeirra með hugmyndir eða vangaveltur, sem eykur traust og jákvæða upplifun af stjórnun skólans.

Góð aðstaða og sveigjanleiki í vinnuumhverfi

- Fram kemur ánægja með húsnæði, vinnurými, útisvæði og tæknibúnað. Teymisvinna og samþætting kennslugreina eru talin styrkja starfsumhverfið, og sveigjanlegur vinnutími er nefndur sem mikilvægt jákvætt atriði.

Samantekt á opnum svörum þar sem starfsmenn eru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir mega betur fara á vinnustaðnum sínum.

Þörf á bættri starfsánægju og jákvæðari vinnumenningu

- Starfsmenn lýsa þörf fyrir aukið hrós, meiri viðurkenningu og jákvæð samskipti, bæði milli samstarfsfólks og frá stjórnendum. Þungt andrúmsloft, óánægja og tilfinningu fyrir óréttlæti má finna í nokkrum svörum, þar sem kallað er eftir aukinni hlustun og opinni umræðu.

Samskiptamál og upplýsingaflæði

- Áberandi er að samskipti við stjórnendur og milli starfsfólks mættu vera skilvirkari, skýrari og jákvæðari. Margir kalla eftir markvissari upplýsingagjöf og lægra skipulagsálagi, sérstaklega þegar kemur að fundum og tilkynningum sem skerða undirbúningstíma.

Mönnun, álag og stuðningsúrræði

- Margir nefna of mikið álag, skort á sveigjanleika og ósamræmi í vinnuaðbúnaði. Beðið er um betri úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og fleiri starfsmenn til að mæta áskorunum í kennslunni. Minnt er á að jafnræði og stuðningur þurfi að ná til allra.

Vinnuaðstaða og kennslugögn

- Aðstaðan sjálf er oft nefnd sem hindrun í daglegu starfi, hvort sem um er að ræða ónóga vinnuaðstöðu, skort á borðum, stólum eða rýmum fyrir einstaklingsmiðað nám. Einnig kemur fram þörf fyrir fjölbreyttari og aðgengilegri kennslugögn og efni.

Stutt samantekt á helstu niðurstöðum könnunar

Styrkleikar:

Jákvætt viðmót og samskipti: 94% telja samstarf við aðra starfsmenn gott og 92% telja að hægt sé að leysa ágreining með uppbyggilegum hætti.

Skýr ábyrgð og hlutverk: 96% telja hlutverk sitt skýrt og 94% eru ánægð með þau verkefni sem þeir sinna.

Traust og stuðningur: 90% telja stjórnendur sýna traust og 92% finna stuðning frá samstarfsfólki þegar á þarf að halda.

Ánægja með starf og starfsanda: 90% lýsa almennri starfsánægju og 90% telja starfsandann jákvæðan.

Viðhorf til nemenda: 98% eru sammála því að starfið hafi jákvæð áhrif á líðan og námsárangur nemenda.

Umbótatækifæri:

Starfsálag og tími: 37% telja sig ekki hafa nægan tíma til að sinna öllum sínum verkefnum vel, það gefur til kynna töluvert álag í starfi.

Fagþróun: 69% telja tækifæri til símenntunar og fagþróunar góð, svigrúm til að efla stefnumiðaða þróun og stuðning við símenntun.

Aðstæður og tæki: Nokkur óánægja kemur fram með aðstöðu og tækjabúnað, aðeins 59% eru ánægð með aðgengi að tölum og öðrum kennslutækjum.

Sérstakt að nefna:

Skýr fagleg sýn endurspeglast í svörum starfsmanna, en um leið má greina skýr merki um miklar kröfur og álag.

Möguleiki er til að efla verkferla, forgangsröðun og rými fyrir skapandi fagstarf með því að vinna markvisst með tíma- og verkefnastjórnun.

3.6 Skólaþing

Þann 12. mars var haldið skólaþing Stapaskóla þar var nemendum úr 7. - 10. bekk ásamt foreldrum þeirra boðið að koma til þess að ræða um niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins varðandi líðan og heilsu. Niðurstöður voru kynntar og unnið í hópum að ákveðnum þáttum sem voru:

- hvernig getum við stutt við nemendur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd?
- hvernig getum við leiðbeint nemendum varðandi leiðir til að hafa stjórn á eigin lífi og ákvörðunum?
- hvað getum við sem skólasamfélag gert til að auka vellíðan nemenda og jákvæðan skólabrag?

Í lokin kynntu stjórnendur hugmynd að seinkun skóladagsins í 7. – 10. bekk sem er að ósk ungmennaráðs Reykjanesbæjar. Stjórnendur leggja til að skóladagurinn hefjist hjá unglingastigi kl. 09:00 haustið 2025. Ungmennaráð hefur vakið athygli á góðum árangri í Vogaskóla í Reykjavík sem er með þetta sem tilraunarverkefni. Allir viðstaddir voru jákvæðir fyrir hugmyndinni og telja að hún muni skipta miklu mali varðandi líðan ungmenna.

4. Samtöl

Hér er gerð grein fyrir foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum.

4.1 Foreldrasamtöl

Í byrjun október var haldinn samtalsdagur þar sem nemendur mættu ásamt foreldrum eða forráðamönnum í viðtal hjá umsjónarkennurum. Foreldrar bókuðu sjálfir viðtöl í gegnum Mentor, og var jafnframt boðið upp á fjarfund fyrir þá sem ekki komust á staðinn. Þennan dag var ekki hefðbundinn skóladagur, en frístundaheimilið Stapaskjól var opið.

Í janúar var aftur boðið upp á foreldrasamtöl með nemendum. Þar var farið yfir námslega stöðu og líðan barnsins. Líkt og áður var í boði að eiga samtalið í gegnum fjarfundarbúnað ef mæting á staðinn reyndist ekki möguleg.

Á leikskólastigi var boðið upp á foreldrasamtöl í október og var áherslan í þeim að kynna námsefni vetrarins fyrir foreldrum. Lagðist það vel í foreldra sem fannst það bæði skemmtilegt og gagnlegt að sjá hvaða áherslur yrðu yfir veturinn. Vegna álags í starfi vegna manneklu seinkaði foreldrasamtölum að vori og var tekin sú ákvörðun að bjóða þeim foreldrum tíma sem óskuð sérstaklega eftir foreldrasamtali. Haldnir voru sérstakir skilafundir með foreldrum elstu barna þar sem farið var yfir þær upplýsingar sem fylgja þeim yfir á næsta skóla stig. Þá fengu foreldrar elstu barna sem fengu slaka eða mjög slaka færni á Hljóm – 2 sérstak samtalið um niðurstöður og fengu verkefni með heim.

4.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar/mars. Lögð var áhersla á líðan á vinnustað og farið yfir hlutverk, markmið og væntingar. Stjórnendur unnu að greiningu til umbóta úr niðurstöðum samtalanna. Fékk starfsfólkið val um til hvaða stjórnenda þeir fóru í samtalið hjá og almenn ánægja var með það fyrirkomulag.

Á næsta skólaári er áætlað vera með tvö starfsmannasamtöl, annað þar sem teymin koma saman og hitt einstaklingslega.

5. Starfsmannakönnun Reykjanesbæjar, Moodup

Reykjanesbær hefur ákveðið að framkvæma starfsmannakannanir í oddatölu mánuðum þar sem starfsfólk svarar spurningum á sínum tíma og í sínum tækjum. Þeir þættir sem liggja til grundvallar eru heilsa og vellíðan, viðurkenning, vöxtur í starfi, aðbúnaður og helgun. Í samráði við starfsmannahópinn var ákveðið að rýna í niðurstöður og gera umbætur tvisvar sinnum yfir skólaárið.

Á grunnskólastigi hefur náðst ágætis árangur varðandi starfsánægju frá því að kannanir hófust í byrjun nóvember. Auk þess sem ánægja í tengslum aðbúnað og vinnuaðstöðu hafa aukist yfir skólaárið og tækifæri til endurmenntunar sömuleiðis.

Á leikskólastigi hefur starfsánægja aukist jafnt og þétt yfir skólaárið. Jafningjastuðningur og viðurkenning í starfi eru áberandi auk þess sem heilsa og vellíðan eru að koma vel út.

Umbótavinna út frá niðurstöðum Skólapúls og Moodup gagnvart grunnskólastigi.

Starfsfólk grunnskólastigs var skipt niður í litla hópa og rýndu í eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig getum við ræktað mannauð og veitt meira hrós/umbun?
2. Hvernig getum við aukið upplýsingaflæði á milli aðila? Eru það almennar upplýsingar um starfið eða eru það ítarlegri t.d. um nemendur sem þig vantar?
3. Lest þú vikupistilinn þegar hann kemur út? Má bæta hann á einhvern hátt?
4. Hvernig getum við bætt starfsanda og daglega vellíðan:
5. Hvernig getum við þróað áfram góða samvinnu og deilt þekkingu?
6. Hvernig vinnur þú úr álagi sem fylgir starfi þínu við Stapaskóla?
7. hvað er það sem þig vantar til að geta sinnt starfi þínu betur er viðkemur aðbúnaði:
8. Hvernig geta stjórnendur stutt þig betur í daglegu starfi?
9. Hvernig fannst ykkur ganga með árshátíð, íþróttadag, þemadaga og þemahátíð að vori?

Helstu niðurstöður má draga úr svörum starfsfólks:

Mannauður og hrós: Mikil áhersla á að efla jákvæð samskipti, viðurkenningu og hrós í daglegu starfi. Starfsfólk vill sjá meiri stuðning og sýnileika frá stjórnendum í þessu samhengi.

Upplýsingaflæði: Bæta þarf upplýsingagjöf er viðkemur skipulögðum viðburðum og almennum upplýsingum um nemendur. Nýtt starfsfólk þarf sérstaklega markvissari stuðning.

Vikupistill: Flestir lesa hann, en tillögur komu fram um aðgengi, viðeigandi áherslur og möguleika á að koma hrósi og jákvæðum fréttum betur á framfæri.

Starfsandi og vellíðan: Sveigjanleiki, hlýlegt andrúmsloft og mannleg samskipti eru í forgrunni. Þörf er á aukinni samvinnu, jafnræði og virku samtali.

Samvinna og þekkingarmiðlun: Hugmyndir að sameiginlegum gagnabanka, örfundum og teymisvinnu til að deila hugmyndum og efla samkennd.

Álagsmeðhöndlun: Starfsmenn nýti margvísleg úrræði, sálfræðistuðning, hreyfingu og samræður við samstarfsfólk. Það undirstrikar mikilvægi virks stuðnings í vinnuumhverfinu.

Aðbúnaður og tæki: Fram komu tillögur að bættum búnaði og aðgengi að kennslutækni, auk skýrs verklags um hvað sé í boði og hvar.

Stuðningur stjórnenda: Þörf fyrir að stjórnendur séu hlustandi, virkir í samskiptum og styðjandi í daglegum áskorunum starfsfólks.

Viðburðir og skipulag: Farið var fram á betri upplýsingagjöf, meiri fyrirvara og samráð við undirbúning árshátíðar, íþróttadaga og annarra lykilviðburða.

6. Málþing – Uppskeruhátíð!

Á vordögum var árlegt málþing Stapaskóla haldið þar sem teymi skólans kynntu fjölbreytt og spennandi verkefni skólaársins og var gestum boðið velkomið að koma og hlýða á erindin. Þar kynntu kennarateymin af öllum skólastigum þau verkefni og þá vinnu sem gekk vel á skólaárinu. Í ár voru tólf verkefni kynnt. Einkar áhugavert var að sjá og heyra það fjölbreytta skólastarf sem á sér stað í Stapaskóla.

Má með sanni segja að gróska, fjölbreytni, sköpun og samvinna einkenni skólastarf Stapaskóla. Skólastarfið er í sífelldri þróun, mikið er um samþættingu námsgreina, hringekjur og hópavinna á stóran sess. Starfsfólkið leggur sig fram um að skapa umhverfi þar sem nemendur fá að blómstra. Það er einnig ánægjulegt að sjá að starfsmenn sjái og nýti styrkleika sína og þau tækifæri sem Stapaskóli og okkar þróunarstarf býður upp á. Það er mikilvægt er að vera dugleg að endurmeta og rýna í starfið og sjálfan sig jafnt og þétt yfir skólaárið. Lykillinn að góðu skólastarfi og vellíðan er að huga vel að heilsu sinni og að vera dugleg að leita ráða.

7. Framkvæmdamat

Viðburðir:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsmenn	Skólasetning fór fram föstudaginn 23. ágúst í Stapaskóla. Skólasetning var með hefðbundnu sniði. Hófst á sal skólans þar sem skólastjóri flutti stutt ávarp. Að því loknu fóru nemendur með sínum umsjónarkennurum inn í kennslutvennd. Nemendur fóru heim að lokinni skólasetningu. Kl. 09:00 mættu nemendur í 3., 5., 7. og 9. bekk. Kl. 10:00 mættu nemendur í 2., 4., 6., 8., og 10. bekkur. Kl. 11:00 mættu nemendur í 1. bekk. Nemendur fengu rós afhenta í tilefni dagsins.
Ólympíuhlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn	Ólympíuhlaup ÍSÍ var haldið föstudaginn 6. september. Hlaupið var ræst kl. 10:20 og stóð til klukkan 11:20. Allir nemendur í 1. - 10. bekk tóku þátt og stóðu nemendur sig einstaklega vel og lögðu mikið á sig. Nemendur áttu að hlaupa eins marga hringi og þau gátu á þessum klukkutíma. Íþróttakennarar hafa búið til sérstakan Ólympíuhlaups hring, hann er tæplega 1,8 km. Veitt voru sérstök viðurkenningarskjöl í eftirfarandi flokkum. ○ 1. – 4. bekkur þrjá hringi (5km) eða meira. ○ 5. - 10. bekkur sex hringir (10,5 km) eða meira. ○ Einnig voru veitt sérstök verðlaun fyrir þann árgang sem fór að meðaltali flesta kílómetra. Í ár var það 9. bekkur, sem fór flesta kílómetra. Stapaskóli hljóp í heildina

		1708 km. Dagurinn gekk virkilega vel fyrir sig.
Aðventan, hátíðarsöngstund og jólasamvera	Allir starfsmenn	Í desember var uppbrot á hefðbundnu skólastarfi þar sem nemendur skreyttu skólann, haldin var söngstund alla föstudaga í aðventunni, bjuggu til jólakort, skreyttu kennslutvenndirnar sínar, tóku þátt í jólaglugganum og borðuðu saman hátíðarmat. Þann 19. desember gerðu nemendur á grunnskólastigi sér glaðan dag sýndu nemendur 1. – 6. bekkjar hvort öðru skemmtiatriði á sal skólans á meðan nemendur 7. – 10. bekkjar völdu að hafa jólasamveru hver með sínum bekk. Nemendur áttu gleðilega stund á litlu jölunum. Ákveðið var að sleppa því að skiptast á gjöfum í ár og ákveðið var að safna pening og gefa í eitthvert góðgerðarmál. Nemendur héldu kosningu og ákváðu að gefa það sem til féll til Vökudeild Landspítalans. Á leikskólastigi voru aðventusöngstundir á hverjum föstudegi á aðventunni. Einnig héldum við piparkökukaffi, litlu jól, fengum jólasveina með pakka handa öllum og síðan var hátíðarmatur.
Öskudagur	Allir starfsmenn	Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur 5. mars. Nemendur og starfsfólk mættu í búningum og gerðu sér

		glaðan dag þar sem árgangar og stigin skelltu í uppbrot og stöðvavinnu. Öskudagskeppni var haldin á milli árganga í 6. - 10. bekk. Nemendur og starfsfólk á leikskólastigi mættu í búningum, slógu köttinn úr tunnunni og fengu snakk. Í hádeginu var pítsuveisla.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn	Árshátíð Stapaskóla var haldin hátíðleg í íþróttahúsi Stapaskóla þann 11. og 23. apríl 2025. Árshátíðin var tvískipt þar sem yngra stig hélt sína árshátíð að morgni 11. apríl en elsta stig var með sína árshátíð kvöldið áður, 23. apríl. Árshátíð eldra stigs var haldin á sal skólans þar sem hið árlega árshátíðarmyndband 10. bekkjar, ásamt því að hver árgangur var með atriði, kvöldið endaði svo á því að Partývélin kom og þeytti skífur. Kennarar og starfsmenn unglingastigs unnu á ballinu og voru þeir í frí þann 11. apríl. Umræðan eftir árshátíð eldra stigs var að erfitt væri að vera með atriði svona rétt eftir páskafrí en það þarf að leggja meiri vinnu í atriðin. Lagt er til að vera með eina árshátíð næsta vor fyrir allan skólann. Árshátíð yngra stigs var stórglæsileg, Óskasteinn opnaði dagskránni með söngatriði og síðan komu árgangarnir allir í kjölfarið koll af kolli. Nemendur sýndu fjölbreytt og glæsileg atriði og var mikill metnaður lagður í atriðin og voru þau hin glæsilegustu. Árshátíðin var haldin í íþróttahúsinu sem vakti mikla lukku og var mjög fjölmennt.

		Mikil ánægja með fyrirkomulag árshátíðarinnar í ár.
Þema / Þemahátíð	Allir starfsmenn	Þemadagar voru tvisvar sinnum yfir skólaárið. Fyrri þemadagar fóru fram á haustdögum 6. - 8. nóvember og þeir síðari í vor, 4. – 6. júní. Þema haustsins var „Skólinn okkar“. Nemendur á yngra stigi, 1. – 5. bekk auk Óskasteins var skipt í hópá þvert á árganga, sami háttur var hafður á í 6. – 10. bekk. Á báðum stigum var unnið að fjölbreyttum verkefnum sem snéru að „Skólinn okkar“, gildin okkar, Gleði, Vinátta, Virðing og Samvinna. Nemendur unnu í hópum að því að búa til einkunnarorð skólans úr endurnýjanlegu efni. Nemendur voru einnig að fræðast um þau lönd sem nemendur eru frá, nemendur og starfsfólk Stapaskóla eru frá ríflega 30 löndum. Nemendur skreyttu skólann með orðum á öllum þeim móðurmálum sem nemendur og starfsfólk á. Á lokadegi þemans var foreldrum og öðrum gestum boðið í heimsókn að skoða afrakstur þemadaganna ásamt því að vinna skemmtileg verkefni með börnunum sem tengdust þemanu. Gaman var að sjá hversu margir foreldrar komu í heimsókn. Þema vorsins var „Vor í bæ“ þar sem lögð er áhersla á skoða nærumhverfið okkar og fræðast um sögu þess. Hver tvennd ásamt Óskastein sem fylgdi 1. og 2. bekk unnu saman og fóru saman í vettvangsferðir, heimsóttu helstu stofnanir, voru í skapandi vinnu og fóru í leiki. Nemendur voru einnig með fatamarkað þar sem nemendur komu með föt að heiman og seldu á

		vægu verði. Allur ágóði sölunnar rann til Barnaspítala Hringsins. Almenn ánægja var með þemadagana bæði hjá starfsfólki og nemendum, við enduðum svo með því að halda þemahátíð þar sem unglingastig var búið að undirbúa stöðvar þar sem meðal annars var boðið var uppá andlitsmálningu, just dance, þrautir og margt fleira. Hátíðin endaði svo í íþróttahúsinu þar sem VÆB bræður stigi á svið og tókum nokkur lög í boði foreldrafélagsins ásamt því að fá grillaðar pylsur. Almenn ánægja var á meðal starfsfólks, nemenda og foreldra þeirra, gaman að sjá hversu margir foreldrar mættu.
Sumarhátíð	Starfsmenn leikskólans	Ákveðið var að halda sama sniði á sumarhátíð leikskólans eins og í fyrra. Foreldrafélagið hélt ekki sumarhátíð, í staðinn keyptu þau fyrir okkur skemmtiatriði en Leikfélag Keflavíkur kom með atriði úr Latabæ á sumargleðina okkar. Einnig gaf foreldrafélagið okkur leikföng sem vakti mikla ánægju. Leikskólastigið hélt sumargleði þriðjudaginn 24. júní. Þar voru ýmsar stöðvar í boði eins og málað með vatni, krítar, sápukúlur, smíðahorn, fallhlífin, reipi tog, andlitsmálun, þrautabraut og þá komu íbúa frá Latabæ í heimsókn. Í hressingu var boðið upp á skúffuköku.

Skólaslit	Allir starfsmenn	Skólaslit Stapaskóla voru mánudaginn 10. júní. Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk mættu kl. 09:00 og nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk mættu kl. 10:30. Að lokinni athöfn í íþróttahúsi fóru nemendur í tvenndirnar sínar með umsjónarkennurum þar sem lesin voru upp hrósskjöl og vitnisburður afhentur. Foreldrar og forráðamenn voru velkomnir á skólaslitin. Nemendur úr 10. bekk voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn í íþróttasal skólans 10. júní. Athöfnin hófst kl. 12:00 og var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, nemandi úr 10. bekk flutti tónverk, fulltrúar nemenda voru með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókgajafa sem gefnar voru af félagasamtökum og Stapaskóla. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu, hrósskjöl lesin upp, vitnisburður afhentur auk þess sem allir fengur Stapaskólatrefil og rós og viðurkenningu þegar við átti. Að athöfn lokinni var kaffisamsæti þar sem gestir og starfsfólk átti notalega stund saman. Allir starfsmenn komu að frágangi að boði loknu. Öll skólaslitin voru ánægjuleg og var mikil ánægja með að skólaslit væru haldin í íþróttahúsinu.
Brúum bilið	Stjórnendur og þeir sem koma að verkefninu	Lögð var áhersla á samvinnu á milli leikskólastigs og 1. og 2. bekkjar. Nemendur leikskólastigs Stapaskóla komu í nýbyggingu í íþróttir og smiðjur og nokkrum sinnum í heimsókn í 1. bekk eftir áramótin. Nemendur Óskasteins komu t.d. í

		kennslustundir, í nesti og frímínútur auk þess sem þau tóku þátt í íþróttadegi og þemadögum. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra nemenda sem hefja nám í 1. bekk í haust var haldin í byrjun júní. Aðrir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um að koma í heimsókn og skoða skólann með tilvonandi nemendum Stapaskóla. Erum ánægð með þetta fyrirkomulag og munum leggja áherslu á samvinnu á milli leikskólastigs skólans og 1. og 2. bekkjar.
Samtalsdagur október	í Kennarar	Í október var haldinn samtalsdagur þar sem nemendur mættu ásamt foreldrum eða forráðamönnum í viðtal hjá umsjónarkennurum. Foreldrar bókuðu sjálfir viðtöl í gegnum Mentor, og var jafnframt boðið upp á fjarfund fyrir þá sem ekki komust á staðinn. Þennan dag var ekki hefðbundinn skóladagur, en frístundaheimilið Stapaskjól var opið. Frístundaheimilið Stapaskjól var opið fyrir þá sem þar voru skráðir eftir að skóla lauk. Á leikskólastigi var námsefnakynning þar sem námsefni vetrarins var kynnt. En í upphafi var aðalfundur foreldrafélagsins. Illa gekk að fá foreldra í stjórn sem er miður því það er hagur okkar allra að það sé gott og framtaksamt foreldrafélag í leikskólanum börnunum til heilla.
Samtalsdagur janúar	í Kennarar	Í janúar var aftur boðið upp á foreldrasamtöl með nemendum. Þar var farið yfir námslega stöðu og líðan barnsins. Líkt og áður var í boði að eiga samtalið í gegnum

		fjarfundarbúnað ef mæting á staðinn reyndist ekki möguleg. Frístundaheimilið Stapaskjól var opið fyrir þá sem þar voru skráðir eftir að skóla lauk.
Lestrarsprettur í október og febrúar	Kennarar	Hver árangur hafði sinn lestrarsprett í framhaldi af lesfimi. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni prýddu veggj skólastofu hvers árgangs.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Dagur íslenskrar tungu var haldin hátíðlegur þann 15. nóvember, þar sem 16. nóvember bar upp á laugardegi. Dagurinn var fjölbreyttur hjá nemendum en allir árgangar brutu daginn með skemmtun og gleði 1. – 6. bekkur kom fram á sal í skemmtilegum atriðum sem nemendur höfðu undirbúið, má þar helst nefna söng og dansýningu. Auk þess sem sigurvegarar Stóru upplestrarkeppninnar fluttu sitt hvort ljóðið. Stundin var notaleg og ánægjuleg. Nemendur á unglingastigi áttu samveru í fjölnotasal þar sem spurningakeppni 10. bekkjar og kennarar og stjórnenda fór fram. 8. bekkur afhenti einnig upplestrarkeflið til 7. bekkjar sem markar upphaf Stóru upplestrarkeppninnar. Mjög skemmtileg stund sem vakti lukku á meðal allra hlutaðeigandi. Þetta fyrirkomulag er gott og ánægjulegt. Smásögur, ljóð og ljóðgerð mættu hafa aukið vægi á þessum viðburði. Á leikskólastigi var afmælisdagur Lubba haldin hátíðlegur í sameiginlegri söngstund. Lubbi fékk afmælskórónu og afmælisöng og

		nemendur leikskólans fengu saltstangir.
Bóndadagur	Leikskólastig	Þá var feðrum og öfum boðið í heimsókn í leikskólann í kaffi og þorrasmakk. Nemendur gerðu þorrakórónur.
Konudagur	Leikskólastig	Þá buðum við mæðrum og ömmum í kaffi og kleinur. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins þannig að börnin voru búin að búa til blóm til að gefa mæðrum sínum eða ömmum.
Stóra upplestrarkeppnin	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eldra stigs og deildarstjóri eldra stigs	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Handbókin með leiðbeiningum fyrir kennara til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi keppinnar var send á íslenskukennara í 7. bekk við upphaf skólaárs. Undirbúningur hófst formlega á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember þegar sigurvegarar keppinnar í fyrra afhentu 7. bekk upplestrarkefli skólans. Nemendur fluttu ljóð sem þeir völdu sjálfir og brot úr sögu sem kennararnir völdu. Sex nemendur unnu sér rétt til þátttöku í skólakeppninni eftir

		bekkarkeppnina. Dómarar skólakeppninnar í ár voru þau Katrín Jóna Ólafsdóttir deildarstjóri Akurskóla, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi Reykjanesbæjar og Halla Karen Guðjónsdóttir, viðburðastjóri. Allir keppendur fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Foreldrum var boðið á viðburðinn ásamt nemendum í 6. bekk, hátíðin gekk mjög vel og var einstaklega skemmtilegt að getað boðið foreldrum á hátíðina. Tveir nemendur komust áfram í lokakeppnina sem fram fór í Hljómahöll. Okkar keppendur stóðu sig með stakri þrýði þar.
Litla upplestrarhátíðin	Deildarstjóri yngsta stigs	Litla upplestrahátíðin fór fram föstudaginn 9. maí kl. 9:00 í fjölnotasal og var foreldrum boðið á hátíðina. Allir nemendur árgangsins tóku þátt og fluttu þeir margskonar texta, bæði ljóð og sögur og lásu ýmist einstaklingslega eða sem hluti af hóplestri, einnig spilaði einn nemandi úr 4. bekk á hljóðfæri. Þá voru nemendum í 3. bekk einnig boðið að koma á viðburðinn. Hátíðin gekk vel og góð mæting var frá foreldrum/forráðamönnum.
Íþróttadagur	Íþróttakennarar	Íþróttadagur Stapaskóla fór fram þann 30. maí 2025. Veðrið var algjörlega með okkur í liði þetta árið. Á íþróttadeginum keppa árgangar grunnskólastigs og elsti árgangur leikskólastigs um Stapabikarinn. Bikar er veittur fyrir hvert stig (yngsta stig, miðstig og unglingastig). Nemendur tóku þátt í ýmsum þrautum sem settar

		voru upp á skólalóðinni. Eftir þrautirnar og hádegismat var haldið inn í íþróttahús þar sem verðlaunaafhending fór fram. Nemendur á Óskasteini fengu allir viðurkenningarskjal fyrir þátttöku á íþróttadeginum. Á yngsta stigi unnu nemendur í 3. bekk Stapabikarinn, 6. bekkur vann á miðstigi og 10. bekkur á unglingastigi. Eftir verðlaunaafhendingu kepptu svo kennarar og starfsfólk skólans við nemendur 10. bekkjar í skotbolta. Kennarar nefndu að vanalega hafi íþróttadagur verið á skertum degi en ekki í ár og þyrfti þá keppnin að vera lengri en hún var.
Dagur leikskólans	Leikskólastig	Héldum við upp á dag leikskólans 6. febrúar 2025 með því að klæðast fjólubláu sem er litur Stapaskóla. Á þessum degi unnum við ýmis verkefni um leikskólann.

9. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til þriggja ára. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á heimasíðu skólans og kynnt starfsfólki að hausti 2025.

10. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og tillögum til úrbóta þar sem við á. Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Reykjanesbær, júní 2025

Skólastjórnendur Stapaskóla.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS